

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2006/20/EB

2008/EES/76/18

frá 17. febrúar 2006

um breytingu, að því er varðar aðlögun að tækniframförum, á tilskipun ráðsins 70/221/EB varðandi eldsneytisgeyma og undirakstursvörn að aftan á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

4) Því ber að breyta tilskipun 70/221/EBE til samræmis við þetta.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um aðlögun að tækniframförum sem komið var á fót skv. 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 70/156/EBE.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra⁽¹⁾, einkum öðrum undirlið 2. mgr. 13. gr.,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/221/EBE frá 20. mars 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi eldsneytisgeyma fyrir fljótandi eldsneyti og undirakstursvörn að aftan á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra⁽²⁾, einkum 3. gr.,

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 70/221/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

2. gr.

1) Tilskipun 70/221/EBE er ein sértilskipananna sem fjallar um gerðarviðurkenningaraðferð Bandalagsins sem mælt er fyrir um í tilskipun 70/156/EBE. Ákvæði tilskipunar 70/156/EBE um kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar ökutækja eiga því við um tilskipun 70/221/EBE.

1. Ef ekki er farið að kröfunum, sem mælt er fyrir um í tilskipun 70/221/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, skulu aðildarríkin, frá og með 11. september 2007, af ástæðum sem varða undirakstursvörn að aftan:

2) Til þess að auka vernd skal gerð sú krafa að undirakstursvörn að aftan standist aukinn kraft og tekið skal tillit til ökutækja með loftfjöðrun.

a) synja um EB-gerðarviðurkenningu eða um innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis,

3) Í ljósi tækniframfara og aukinnar notkunar ökutækja með vörulyftu að aftan er rétt að taka mið af vörulyftum í tengslum við uppsetningu undirakstursvarnarbúnaðar að aftan.

b) synja um EB-gerðarviðurkenningu eða um innlenda gerðarviðurkenningu fyrir undirakstursvarnarbúnað að aftan sem aðskilda tæknieiningu.

2. Ef ekki er farið að kröfunum, sem mælt er fyrir um í tilskipun 70/221/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, skulu aðildarríkin, frá og með 11. mars 2010, af ástæðum sem varða undirakstursvörn að aftan:

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 48, 18.2.2006, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2006 frá 22. september 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 60, 30.11.2006, p. 21.

(¹) Stjtið. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópubingsins og ráðsins 2005/64/EB (Stjtið. ESB L 310, 25.11.2005, bls. 10).

(²) Stjtið. EB L 76, 6.4.1970, bls. 23. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.

a) neita að skrá ný ökutæki eða banna að ný ökutæki séu seld eða tekin í notkun,

b) leggja bann við því að undirakstursvarnarbúnaður að aftan sé seldur eða tekinn í notkun sem aðskilin tæknieining.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 11. mars 2007. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 11. mars 2007.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. febrúar 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 70/221/EBE er breytt sem hér segir:

1. eftirfarandi liður 5.1a bætist við:

„5.1a. Ökutækið skal prófað við eftirfarandi skilyrði:

- það verður að vera kyrrstætt og standa á láréttum, flötum, sléttum og stífum fleti,
- framhjólín verða að vísa beint áfram,
- loftþrýstingur í hjólbörðum skal vera eins og framleiðandi ökutækisins mælir með,
- heimilt er, ef nauðsyn krefur til að ná fram tilskildum prófunarkrafti, að festa ökutækið á hvern þann hátt sem framleiðandi ökutækisins tilgreinir,
- ef ökutækið er búíð vökvaloftfjöðrun, vökvafljöðrun eða loftknúinni fjöðrun eða sjálfvirkum hlasshallastillingarbúnaði skal það prófað með fjöðrunina eða búnaðinn stilltan á venjulegt akstursástand sem framleiðandi tilgreinir.“

2. eftirfarandi komi í stað liðar 5.4.5.2:

„5.4.5.2. beita skal láréttum krafti, jöfnum 25% af tæknilega leyfilegum hámarks massa ökutækisins en þó ekki meiri en 5×10^4 N, á báða punktana P1 og punktinn P3, hvern á eftir öðrum,“

3. eftirfarandi liður 5.4a bætist við:

„5.4a. Fyrir ökutæki með vörulyftu má rjúfa festingu undirakstursvarnarinnar vegna búnaðarins. Í slíkum tilvikum gildir eftirfarandi: 5.4a.1. hliðarfjarlægð milli festingahluta undirakstursbúnaðarins og þeirra hluta vörulyftunnar, sem valda því að nauðsynlegt er að rjúfa festingarnar, má ekki vera meiri en 2,5 cm,

5.4a.2. einstakir hlutar undirakstursvarnarbúnaðarins verða í hverju tilviki að hafa virkan yfirborðsflöt sem er minnst 350 cm².

5.4a.3. stærð einstakra hluta undirakstursvarnarbúnaðarins verður að vera nægileg til að uppfylla kröfur liðar 5.4.5.1 en þar er innbyrðis afstaða prófunarpunkta ákvörðuð. Ef punktar P1 eru staðsettir innan rofsvæðis, sem tilgreint er í 5.4a, verða þeir punktar P1, sem nota skal, að vera staðsettir á miðjum hliðarhluta undirakstursvarnarbúnaðar að aftan,

5.4a.4. liður 5.4.1. þarf ekki að gilda um rofsvæði undirakstursbúnaðar eða með tilliti til vörulyftu.“
